

Borgarráð

### Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018

#### 1. Viðauki vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands (MOF)

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs (MOF) hækki um 6.612 þkr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. 03102.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-6.612
MOF	03102	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Til	6.612
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

#### Greinargerð:

Þessi tillaga um viðauka er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir fjárhagsárið 2018 var gert ráð fyrir að hækka framlag til hljómsveitarinnar í samræmi við verðlag, þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar úr fjárlögum ríkisins áður en fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn. Skv. staðfestingu frá Fjársýslu ríkisins ber Reykjavíkurborg að greiða 228.200 þkr. framlag árið 2018 og hækkar framlagið skv. því um 4% milli ára. Auk þess er gerð krafa um að Reykjavíkurborg greiði 18% hlut í lífeyrisskuldbindingu vegna ársins 2017 eða 3.680 þkr. Samtals er því gert ráð fyrir að greiðsla ársins nemi 231.880 þkr. en samþykkt áætlun nemur 225.268 þkr. Mismunur nemur því 6.612 þkr.

#### 2. Viðauki vegna innleiðingar á frístundastefnu (SFS)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 90.400 þkr. vegna innleiðingar á frístundastefnu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist til frístundahluta á skóla- og frístundasviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-90.400
SFS	xxxx	Aukið 10-12 ára starf	Til	30.000
SFS	xxxx	Aukinn stuðningur i félagsmiðstöðvastarf	Til	31.000
SFS	xxxx	Listamenn i fristundaheimili	Til	3.500
SFS	xxxx	Ferðakostnaður i menningarstofnanir	Til	2.000
SFS	xxxx	Hópastarf i tónlist	Til	2.000
SFS	xxxx	Stórfundir ungmenna 16+	Til	1.200
SFS	xxxx	Markaðsátak fyrir fristund eldri borgara	Til	500
SFS	xxxx	Einfalda innritun á fristundaheimili	Til	1.000
SFS	xxxx	Auka undirbúningstima starfsfólks	Til	12.200
SFS	xxxx	Námskeið starfsm. i persónul. eflingu og færni	Til	4.000
SFS	xxxx	Móttaka nýliða þmt. nýliðanámskeið	Til	1.000
SFS	xxxx	Rannsóknir og þróunarverkefni	Til	1.000
SFS	xxxx	Kynningarátak um störf i fristundah. og félagsmið	Til	1.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 17. maí sl. sbr. mál R14120116.

### 3. Viðauki vegna aðgerða í leikskólamálum (SFS)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs (SFS) hækki um 286.550 þkr. vegna aðgerða í leikskólamálum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færast til leikskólahluta á skóla- og frístundasviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-286.550
SFS	xxxx	Tillaga 2: Nýjar ungbarnadeildir	Til	11.500
SFS	xxxx	Tillaga 6: Fjölgun starfsfólks á elstu deildum leikskóla	Til	44.700
SFS	xxxx	Tillaga 8: Fjármagn til heilsueflingar og liðsheildarvinnu	Til	25.000
SFS	xxxx	Tillaga 9: Aukinn undirbúningstími starfsfólks	Til	45.800
SFS	xxxx	Tillaga 11: Lokað á aðfangadag og gamlársdag	Til	500
SFS	xxxx	Tillaga 12: Heimild niðurfellingar leikskólaj. milli jóla og nýárs	Til	6.800
SFS	xxxx	Tillaga 13: Efla móttöku nýliða	Til	6.000
SFS	xxxx	Tillaga 14: Leiðsagnarkennarar og aukinn stuðn. við nýja leikskólak.	Til	3.900
SFS	xxxx	Tillaga 15: Handleiðsla/stuðningur við leikskólakennara	Til	750
SFS	xxxx	Tillaga 16: Heildarúttekt á húsn. og starfsaðst. i leikskólum	Til	15.750
SFS	xxxx	Tillaga 17: Ímyndarvinna og kynning á námi i leikskólakennarafr.	Til	15.000
SFS	xxxx	Tillaga 18: Kynning á námi og starfi i leikskólum	Til	12.000
SFS	xxxx	Tillaga 19: Sumarstörf i leikskólum	Til	59.000
SFS	xxxx	Áhrif á SSL	Til	39.850
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Þá er lagt til að ráðstafað verði 142.000 þkr til viðbótar fjárfestinga vegna opunar á nýjum leikskóladeildum og nýjum ungbarnadeildum haustið 2018. Útgjöldin koma til viðbótar þeim 200 mkr sem þegar eru á fjárfestingaáætlun vegna nýrra leikskóladeilda. Viðbótarútgjöld

verði fjármögnuð með tilfærslu í fjárfestingaáætlun ársins.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
Fjárfesting		Tillaga 1: Nýjar leikskóladeildir í haust	69.000
Fjárfesting		Tillaga 2: Nýjar ungbarnadeildir	68.000
Fjárfesting		Tillaga 4: Öll 12-18 mánaða börn komist á leikskóla	5.000
Fjárfesting		Tilfærsla innan gildandi áætlunar	-142.000
		<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 22. mars sl. sbr. mál R18030162. Tillagan var lögð fram í 19 liðum og er vísað í númer einstakra liða í viðaukatillögunni hér að ofan. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna tillagana nr. 3, 5, 7 og 10.

#### 4. Viðauki vegna breytinga á tölvubúnaði í grunnskólum (SFS/SEA)

Lagt er til að ráðstafað verði 100.000 þkr. til kaupa á tölvubúnaði fyrir kennara, sérfræðinga og nemendur grunnskóla Reykjavíkurborgar. Viðbótarútgjöld verði fjármögnuð með tilfærslu í fjárfestingaáætlun ársins.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
Fjárfesting		Tölvubúnaður fyrir grunnskóla	100.000
Fjárfesting		Tilfærsla innan gildandi áætlunar	-100.000
		<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarstjórnar þann 5. des. 2017, sbr. mál R17020174 Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018, lið 3 í fundargerð, tillögu SÆVP-26, breyting á tölvubúnaði í grunnskólum: Lagt er til að kennarar og fagfólk í grunnskólum Reykjavíkurborgar fái tölvur og jafnframt að keyptar verði tölvur miðað við eina tölvu á nemanda í fjölmennasta árgangi á hverju aldurstigi (yngsta-, mið- og unglíngastig) í samræmi við tillögu starfhóps um bætt starfsumhverfi í grunnskóla. Innkaupin verði gerð í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar og í samráði við innkaupadeild.

Tillagan gerir ráð fyrir að breytingin verði tekin í tveimur áföngum og megináhersla lögð á nýjan búnað fyrir kennara og sérfræðinga í skólunum í haust og verkefnið verði síðan klárað í janúar árið 2019. Fjárheimildir sviðsins verða endurskoðaðar í samræmi við framvindu verkefnisins, en í því felst að upplýsingatæknikostnaður (innri leiga UTD) SFS hækkar þegar viðkomandi búnaður er kominn í rekstur, með viðeigandi áhrifum á rekstur upplýsingatæknideildar (UTD) og tekjur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA).

#### 5. Viðauki vegna HM Torgs

Lagt er til að færðar verði til fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði (ÖNN) sem nemur 17.000 þkr. vegna HM Torgs á Ingólfstorgi og í Hjómskálagarðinum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. 09207.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-17.000
ÖNN	09207	HM Torg	Til	17.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 17. maí sl. sbr. mál R18050091.

#### 6. Viðauki vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 97.300 þkr. vegna fjölgunar á NPA samningum um sex til sjö. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. F4410.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-97.300
VEL	F4410	Notendastýrð persónuleg aðstoð	Til	97.300
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 17. maí sl. sbr. mál R18050093.

#### 7. Viðauki vegna tímabundinnar styrkingar barnaverndar (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 40.000 þkr. vegna tímabundinnar styrkingar barnaverndar með fjölgun stöðugilda. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. F9010.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-40.000
VEL	F9010	Tímabundin styrking barnaverndar	Til	40.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 17. maí sl. sbr. mál R18050109.

#### 8. Viðauki vegna langtímaúrræða fyrir ungmenni í vanda (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 26.000 þkr. vegna starfrækslu langtímameðferðarúrræðis fyrir ungmenni sem eiga í langvarandi erfiðleikum vegna vímuefnaneyslu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. 01292, verkefni F9100 Langtímaúrræði fyrir ungmenni í vanda.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-26.000
VEL	01292	Langtímameðferðarúrræði fyrir ungmenni í vanda	Til	26.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 17. maí sl. sbr. mál R18050107.

### 9. Viðauki vegna atvinnu- og virkniúrræða (ÖNN)

Lagt er til að færðar verði til fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði (ÖNN) sem nemur 27.500 þkr. vegna atvinnu- og virkniúrræða. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st.07150.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-27.500
ÖNN	07150	Atvinnu og virkniúrræði	Til	27.500
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 17. maí sl. sbr. mál R16120085.

### 10. Viðauki vegna framlags til félagsins Þjóðarleikvangur ehf (ÍTR)

Lagt er til að færðar verði til fjárheimildir íþrótta- og tómsundasviðs (ÍTR) verði hækkaðar um 25.000 þkr. vegna framlags til félagsins Þjóðarleikvangur ehf. sem hefur það hlutverk að undirbúa lokaákvörðun um endurnýjun Laugardalsvallar og byggingu nýrra mannvirkja þar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. I8460.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-25.000
ÍTR	I8460	Framlag vegna félags um þjóðarleikvang	Til	25.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í nánari upplýsingar í mál R15020197.

### 11. Viðauki vegna sumarstarfsmanna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (ÍTR)

Lagt er til að færðar verði til fjárheimildir íþrótta- og tómsundasviðs (ÍTR) verði hækkaðar um 12.400 þkr. vegna fjölgunar á sumarstarfsmönnum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG). Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. I8400.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-12.400
ÍTR	I8400	Sumarstarfsmenn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum	Til	12.400
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og

ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Gert er ráð fyrir að með fjárveitingunni verði hægt að fjölga sumarstarfsmönnum um 10 stöðugildi í 10 vikur og með þeim hætti hægt að hafa sem flest tækja garðsins opin sumarið 2018. Auk þess er lagt til að taka fleiri börn inn á sumarnámskeið vegna aukinnar eftirspurnar og verði ráðnir til þess tveir leiðbeinendur til viðbótar, en með þeim hætti verður unnt að bæta við 4-5 plássum á hvert námskeið, sem fyrirhugað er að verði 10 talsins í sumar.

## 12. Viðauki vegna kaupa á Íslandsvörðunni (MOF)

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs (MOF) hækki um 27.500 þkr. vegna kaupa á Íslandsvörðunni. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og færist á kostn.st. 03350.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-27.500
MOF	03350	Kaup á Íslandsvörðunni	Til	27.500
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarráðs frá 22. mars sl. sbr. mál R17100434.

## 13. Viðauki vegna áhættumats á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar (RHS)

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu (RHS) hækki um 6.000 þkr. til að standa að vinnslu áhættumats á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar í samræmi við samþykktu tillögu borgarstjórnar frá 20. febrúar s.l um aðgerðir til að bregðast við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færist á kostn.st. 01240, ráðgjafadeild.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-6.000
RHS	01240	Áhættumat á starfsstöðvum borgarinnar	Til	6.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Vísað er í samþykkt borgarstjórnar frá 20. febrúar sl. á tillögum forsætisnefndar og ofbeldisvarnarnefndar um hvernig bregðast skuli við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar samþykktar. Sjá nánar mál R17120041.

Meðal þess sem samþykkt var var að vinna áhættumat á öllum starfsstöðvum Reykjavíkurborgar. Samþykkt tillaga er á þessa leið:

„Gera þarf úttekt á hvernig áhættumati borgarinnar er framfylgt og innleitt og bæta úr þar sem brotalamir kunna að vera. Einnig verði gert áhættumat m.t.t. þjónustuþega á þeim starfsstöðum sem það á við s.s. í barnavernd og í þjónustu við fatlað fólk og börn. Þá kann að þurfa að endurskoða skriflegar áætlanir um öryggi og heilbrigði á öllum vinnustöðum borgarinnar og einnig bæta úr eða gera nýtt áhættumat. Styðjast þarf við reglugerð nr.

1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Viðmiðin sem notuð hafa verið hingað til við gerð áhættumats á vinnustöðum Reykjavíkurborgar verða yfirfarin í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði til að tryggja að áhættumat sem framkvæmt er nemi mögulegar misfellur í starfsumhverfinu sem leitt geta til áreitni og eineltis. Jafnframt verði hugað að því hvernig standa megi að sífræðslu og hrinda af stað árvekniátaki, sé þess þörf, á vinnustöðunum Reykjavíkurborgar. Sérstaklega verði hugað að fræðslu fyrir starfsfólk mannauðsþjónusta fagsviða og fulltrúa í öryggisnefndum sviða. Kostnaður: Þegar nánari kostnaðarútreikningur liggur fyrir verður gerð tillaga um það til borgarráðs. Ábyrgðaraðilar: Mannauðsdeild Ráðhúss og mannréttindaskrifstofa“

Samkvæmt vinnuverndarlögum ber atvinnurekanda að framkvæma áhættumat. Í reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum kemur fram sú skylda atvinnurekanda er að greina áhættuþætti eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustaðnum. Er þá meðal annars átt við áhættuþætti er varða hegðun á viðkomandi vinnustað hvort sem atvinnurekandi, stjórnendur og/eða aðrir starfsmenn. Jafnframt er átt við áhættuþætti er varða samskipti starfsmanna viðkomandi vinnustaðar við einstaklinga sem teljast ekki til starfsmanna vinnustaðarins en samskiptin eiga sér stað í tengslum við starfsemi sem fram fer á vinnustaðnum. Áhættumat skal byggjast á öllum tiltækum upplýsingum þar sem m.a skal horfa til andlegra og félagslegra þátta á vinnustaðnum. Vinnueftirlitið hefur gefið út sérstaka vinnuverndarvísa.

Í ljósi fjölda starfsstaða og fjölbreyttri starfsemi Reykjavíkurborg er ljóst að umfang þess að þróa og framkvæma áhættumat er mikið. Til þess að Reykjavíkurborg uppfylli þessa skyldu að fullu er óskað eftir því að ráðinn verði sérfræðingur í gerð áhættumats. Hlutverk hans verður að fara yfir vinnuverndarvísa, þróa áhættumat hjá Reykjavíkurborg sem m.a. felst í því að taka saman fyrirliggjandi upplýsingar á einn stað, greina hvað upp á vanti, gera tillögu að framkvæmd og innleiða að fullu við gerð áhættumats fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar. Jafnframt skal grípa til aðgerða sé ástæða til þess að framkvæmda áhættumat. Áætlaður kostnaður er 12 mkr á næstu 12 mánuðum. Þar af 6 mkr. í ár en 6 árið 2019.

Dagur B. Eggertsson